

224. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 8. OKTÓBER 2014 KL 10

haldinn á Biskupsstofu

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerðir síðustu funda.
2. Kirkjuþing 2014.
 - a) Dagskrá þingsins - Mál kirkjuráðs.
3. Fasteignir.
 - a) Minnisblað til kirkjuráðs. Óskir um kaup á landi úr jörðum kirkjumálasjóðs.
 - b) Skýrsla starfshóps kirkjuráðs um stöðu prestssetra.
4. Fjármál.
 - a) Fjárhagsáætlanir vegna 2015 - fyrri umræða.
 - b) Þóknananefnd, vegna þóknun kirkjuþingsfulltrúa.
 - c) Endurskoðunarbréf 06 -701 Þjóðkirkjunnar 2013.
5. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐUSTU FUNDA

Fundurinn hófst kl. 10:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt, Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, sat fundinn þegar rætt var um kirkjuþing 2014. Bjarni Kr. Grímsson, starfsmaður á fasteignasviði, sat fundinn þegar mál 3 b var á dagskrá. Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á fjármálasviði, sat fundinn þegar umsóknir í Jöfnunarsjóð sókna voru kynntar.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerðir 222. og 223. kirkjuráðsfunda voru samþykktar með örlitlum breytingum.

2. KIRKJUÞING 2014

Lögð var fram málaskrá kirkjuþings 2014 ásamt dagskrá þingsins, en nú liggja fyrir 28 mál.

Kirkjuráð mun, auk skýrslu sinnar og fjármála þjóðkirkjunnar, leggja fram eftirfarandi mál:

- a. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga.
- b. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um kirkjutónlistamál þjóðkirkjunnar nr. 768/2002.
- c. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009 (frestur til 13. okt.).
- d. Tillaga til til þingsályktunar um aðgerðir til að fjölga sóknarbörnum í þjóðkirkjunni.
- e. Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti – Samferð.
- f. Tillaga að starfsreglum um breyting á ýmsum starfsreglum (frestur til 13. okt.)
- g. Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna.
- h. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum (setning í prestsembætti).

3. FASTEIGNIR

a) *Minnisblað fasteignanefndar kirkjunnar.*

Minnisblað fasteignanefndar kirkjunnar um kaup landspildna úr jörðum kirkjumálasjóðs, lagt fram til kynningar. Beiðni hefur borist um kaup landspildna úr eftirfarandi jörðum:

i. Mosfell í Grímsnesi Suðurprófastsdæmi.

Kirkjuráð tekur eindregið undir tillögur fasteignanefndar um að selja ekki landspildu úr umræddri jörð kirkjumálasjóðs.

ii. Reynivellir Kjalarnessprófastsdæmi.

Kirkjuráð tekur eindregið undir tillögur fasteignanefndar um að selja ekki landspildu úr umræddri jörð kirkjumálasjóðs.

iii. Skinnastaður Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Kirkjuráð tekur eindregið undir tillögur fasteignanefndar um að selja ekki landspildu úr jörð kirkjumálasjóðs.

iv. Hof í Vopnafirði.

Lagt var fram bréf Sigfúsar J. Árnasonar dagsett 23. september 2014, þar sem sagt er upp lóðarleigusamningi frá 2006 um Þorsteinsstaðaland sem eru um 8 ha. lands úr prestssetursjörðinni Hofi í Vopnafirði og óskar Sigfús eftir að kaupa landið.

Kirkjuráð tekur eindregið undir tillögur fasteignanefndar um að selja ekki landspildu úr umræddri jörð kirkjumálasjóðs.

b) Skýrsla starfshóps kirkjuráðs um stöðu prestssetra.

Bjarni Kr. Grímsson, starfsmaður starfshóps kirkjuráðs um stöðu prestssetra, fylgdi skýrslunni úr hlaði og svaraði fyrirspurnum. Í skýrslu þessari hefur verið safnað saman staðreyndum um prestssetursjarðir og stöðu þeirra sem er góður grundvöllur til að byggja á umræður um framtíðarskipan þeirra. Þar komu m.a. til álita spurningar um hvort prestssetur eigi almennt að vera á jörðum og hvort það samræmist köllun og hlutverki prestsins í samfélaginu. Sömuleiðis að hugað verði að hlutverki prestsins og kirkjunnar gagnvart sögu og menningu og hvernig jarðirnar tengjast þeirri ásýnd.

c) Túngata 20, Eyrarbakka.

Kirkjuráð samþykkti gagntilboð í fasteignina Túngötu 20 Eyrarbakka og samþykkti að fela sviðstjóra fasteigna að undirrita kaupsamning og ljúka samningagerðinni.

4. FJÁRMÁL

a) Fjárhagsáætlunir vegna 2015 – fyrri umræða

Lögð var fram tillaga að fjárhagsáætlun vegna ársins 2015 fyrir 06-701 Þjóðkirkjuna, 06-705 Kirkjumálasjóð og 06-736 Jöfnunarsjóð sókna. Kirkjuráð samþykkti fjárhagsáætlun 2015 við fyrri umræðu sem liggur til grundvallar 2. máli kirkjuþings 2014 – skýrslu um fjármál þjóðkirkjunnar. Fjárhagsáætlunir ársins 2015 verða endanlega samþykktar á fundi kirkjuráðs 10. desember 2014.

b) Þóknananefnd.

Kirkjuráð samþykkti að beina erindi til þóknananefndar þjóðkirkjunnar þess efnis að nefndin endurskoði þóknun kirkjuþingsfulltrúa. Um leið skal þóknunarnefnd tilkynnt að hún beri ekki

ábyrgð á þóknun kirkjuráðsfulltrúa. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að senda erindi til þóknananefndar um ofangreint.

c) *Endurskoðunarbréf 06 -701 Þjóðkirkjunnar 2013.*
Málinu frestað.

5. ÖNNUR MÁL

a) *Útleiga á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti.*

Bréf frá Óla Jóni Ólasyni, þar sem hann samþykkir gagntilboð kirkjuráðs á útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti, lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum og úttekt á húsnæði Skálholtsskóla. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka samningagerðinni f.h. kirkjuráðs við lok úttektar á húsnæði Skálholtsskóla.

b) *Skólaráð Skálholtsskóla.*

Á fundi kirkjuráðs 10. september sl. lagði framkvæmdastjóri fram fundargerð Skólaráðs Skálholtsskóla frá 8. september sl. en kallað var eftir ársskýrslum og fundargerðum Skólaráðsins, síðustu fjögurra ára. Framkvæmdastjóri upplýsti að engar ársskýrslur hafi borist frá Skólaráði Skálholtsskóla, né fleiri fundargerðir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:57

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir
biskup Íslands